| name | adress | query | Viðhengi |
|---|---|---|---|
| Erlendur Kristjánsson | Langalína 21 | 1. Óska eftir byggingarreit fyrir íbúðarhús á spildu A úr landi Grundar 2. Óska eftir því að áformuð íbúðagata á landi Akrakots verði færð inn á aðalskipulag. 3.Mótmæli harðlega fyrirhugaðri hesthúsabyggð á Breiðabólstaðaeyri. | |
| Sigrún Jóhannsdóttir | Litlabæjarvör 12 | Mótmæli vegna hesthúsasvæðis í Bjarnastaðarmýri | 1 |
| Sigrún Jóhannsdóttir | Litlabæjarvör 12 | Mýrarstykki úr landi Sveinkots og Litlabæjar | 2 |
| Sigurjón Ragnarsson | Norðurbrú 2 | nú eru uppi hugmyndir um að vegatengja Nauthólsvík við Kársnesið, hvað með Kársnesið og Álftanesið? Til framtíðar þart að gera ráð fyrir miklu landi undir aðalsamönguleiðir og hafa í huga að Keflavík og Akranes geta orðið hlutiaf höfuðborgarsvæðinu eftir 100 ár, þá gæti t.d.verið þörf á tengingu milli Álftanes og Straumsvíkur | |
| Fuglavernd | Hverfisgötu 105 | Álftanes og Garðaholt | 3 |
| Elín Jóhannsdóttir | Litlabæjarvör 15 | Byggingarsvæði í Breiðumýri Álftanesi | 4 |
| Þorkell Jóhannsson | Lyngás 1. | Ég sé fyrir mér að gerð verð góð tjörn í horninu á Bæjargarðinum í læknum fyrir sunnan brúna sem er hjá Vigdísarlundi. Þessi tjörn mundi laða að sér fugla og fólk og nýtast skólum bæjarins til kennslu. Ég er kennari í Garðaskóla og í mörg ár sóttum við í mikið lífríki vatnalífvera sem var að finna í mógröfunum sem voru í Akrahverfinu. Með góðri tjörn mundum við fá slíkt til baka og fuglana að auki. | |
| Daníela Rán Rakelardóttir | Langamýri 18 | ég vil leggja fram fyrirspurn um að ekki verði byggt jafn þétt og gert er ráð fyrir í aðalskipulagstillögunni á framtíðarbyggingarsvæðum Garðabæjar. | |
| Brynja lind | | ég vil leggja fram fyrirspurn um að ekki verði byggt jafn þétt og gert er ráð fyrir í aðalskipulagstillögunni á framtíðarbyggingarsvæðum Garðabæjar. | |

Skjal sótt af '000000000' dags: 25.03 2026

| | | | |
|---|---|---|---|
| Hákon Hákonarson | Lindarflöt 7 | Ég óska hér með dreifðari byggð fyrir skipulag á framtíðar lóðum. Ekki að hafa lóðirnar þannig að maður heilsi næsta manni í gegnum gluggann. | |
| Árni Sæberg | | Mín helsta ósk fyrir komandi aðalskipulag er að áætlanir um byggingu nýrra hverfa miði að því að dreifa byggð í Garðabæ. Undanfarið virðist sú stefna hafa verið tekin að raða sem flestum íbúum á sem minnst svæði líkt og verið sé að pakka í sardínudós. Það er ekki stefna sem ég tel henta Garðabæ og íbúum hans. | |
| Jóel Ísak Jóelsson | Holtsbúð 20 | Sæl/l ég ætla mér að leggja fram fyrirspurn um dreifða byggð á Hnoðraholti, með álíka margar íbúðir á hektara og á Arnarnesinu væri ákjósanlegast en hægt er að vinna með svipað margar íbúðir á hektara og á Flötunum. Hnoðraholtið er tilvalið fyrir byggingu flottra einbýlishúsa sem Garðabær er þekktur fyrir, ekki þetta þrönga og þétt byggða fjölbýlishúsadæmi líkt og er í Urriðaholti sem er Garðabæ til algjörar skammar. Einnig væri tilvalið að hluti Smalaholts hér í Garðabæ verði að byggingarlandi, stórar einbýlishúsalóðir væru fullkomnar þar en þar er einmitt hvað fallegasta útsýni yfir allt höfuðborgarsvæðið. Orð mín um Hnoðraholt passa alveg jafn vel við hin framtíðarbyggingarsvæði Garðabæjar, Svínsholt, Setberg og Garðaholt hér í Garðabæ er verið og eru áform um að byggja alltof þétt og það er Garðabæ ekki til sóma. Tímabært að kjörnir fulltrúar bæjarins hætti að hugsa um hagsmuni byggingarverktaka úr Kópavogi og fari að hugsa um hagsmuni bæjarbúa og orðspor bæjarins. Annars er aðalskipulagstillagan vel unnin og verður spennandi og skemmtilegt að búa í Garðabæ á þeim tíma sem það verður í gildi, ef þær framkvæmdir sem áætlaðar eru verða framkvæmdar þá. Kv. Jóel Ísak Jóelsson, nemi og athafnamaður. | |

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026

| | | | |
|---|---|---|---|
| Vigdís Björnsdóttir | Iðalind 3 | Ég sem landeigandi af hluta Breiðabólstaða geri hér með athugasemdir við fyrirliggjandi drög að aðalskipulagi. Mínar ath. Er að svæð 1.05-íb verði stækkað og verði svipað og gert er ráð fyrir í núverandi aðalskipulagi fyrir Álftanes. Það þýðir að gata neðan Fálkastígs haldi sér. Hins vegar legg ég til að þær lóðir verði minkaðar verulega í þeim tilgangi að færa byggð fjær tjarnarbakka. Það sem væntanlegt golfvallarsvæði mun skerðast við þetta, þá mætti lengja það svæði til austurs. Ég hef einnig ábendingar varðandi svæði 1.01-H. Mín ábending er að hafnarsvæðið verði stækkað til vesturs. Þar mætti hugsa sér að úthluta lóðum undir bátaskýli eða aðra þá starfsemi sem myndi fylgja smábátahöfn. Með bestu kveðja Vigdís Björnsdóttir. Iðalind 3 201 Kópavogi. | 5 |
| Runólfur Birgir leifsson | Miðskógar 11 | Komið þið sæl og takk fyrir mjög góðan og vel skipulagðan fund í Flataskóla um aðalskipulag bæjarins. Mig langar að koma á framfæri meðfylgjandi ábendingum, en þær snúast mest um að Álftanes fái áfram að vera sveit í borg. Sjá meðfylgjandi word-skjal. | 6 |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Sólbjörg Karlsdóttir | Sviðholtsvör 8, 225 | Mig langar mikið að græn rönd á milli hverfis 1.30 og nýs hverfis nr. 1.31 verði breikkuð og helst að hverfi 1.31 verði minnkað. Það hverfi mun rýra verðgildi húsa og lífsgæði íbúa í 1.30 næst 1.31 og var 1.31 ekki á áætlun þegar 1.30 var byggt. Einnig óska ég eftir að smá möl verði borin í troðning næst varnargarði í 1.32 svo hægt sé að njóta göngu þar án áhættu um að detta. Hverfi 1.30 hefur verið vanrækt hvað varðar stíga. Takk fyrir. | |
| Guðmundur Ágúst Pétursson | | LÍkamsræktarstöð við sundlaug Garðabæjar hef áhuga koma að slíku verkefni með Reebok fitness,en við erum nú með 3 stöðvar í Holtagörðum,Urriðahvarfi,og Tjarnavöllum opnum þann 1okt í Kópavogslaug,Salalaug og Ásvallalaug.með von um góðar undirtektir GAP | |

Skjal sótt af '00000000' dags: 25.03 2026

| | | | |
|---|---|---|---|
| Torfi Geir Símonarson | Lyngmóar 3 | Gaman væri ef tekið væri frá svæði einhversstaðar til framtíðarnota fyrir skotæfingasvæði. Um væri að ræða Skeet-æfingasvæði, þar sem mætti sjá fyrir sér 2-3 leirdúfuvelli. Vellir sem þessir þurfa ekki mikið pláss - hugsanlega 50x100m völlur en með 300m öryggissvæði í skotstefnu. Völlur sem þessi þyrfti að vera á svæði þar sem aðgangur væri að rafmagni og vatni m.t.t. hugsanlegrar félagsaðstöðu í framtíðinni. | |
| Úlfar Henningsson | Holtsbúð 43 | Vinsamlegast útskýrið nákvæmlega hver áform eru með hringsvæði austan Holtsbúðar merkt í lit iðnaðarsvæðis og númerað 3.33 Þar er nú útivistar- og leiktækjasvæði. Kveðja Úlfar Henningsson. | |
| Snævar Sigurðsson | Hörpulundi 8 | Í skýrslunni segir: GARÐAHOLT: Garðaholt er stærsta óbyggða byggingarland í Garðabæ og eitt ákjósanlegasta svæði fyrir íbúðabyggð sem enn er óbyggt á höfuðborgarsvæðinu. Samt er lagt til að íbúaþéttleikinn verði minni en í eldri tillögu og eingöngu 12 íbúar á hektara! Hvers vegna ætlar Garðabær að sóa svona verðmætu byggingarlandi í svona gisna byggð? Það er skynsamlegast út frá umverfhissjónarmiðum og hagkvæmni rekstar bæjarins að hafa sem þéttasta byggð. Best væri að miða við önnur þétt hverfi á Höfuðborgarsvæðinu t.d Þingholtin í Reykjavík þar sem er lágreist byggð en samt þétt. Eða nýlegt Urriðaholt eða Akrahverfi með blöndu af fjölbýli og einbýlishúsum. Það er ljóst að ef Garðbær ætlar að byggja svona dreift á ákjósanlegasta byggingarlandi á höfuðborgarsvæðinu að þar munu mikil verðmæti fara til spillis. Garðabær mun verða af miklu fé við lóðasölu/gatnagerðargjöld og í framtíðar útsvarsgreiðslum. Það verður dýrari rekstur á allri þjónustu eins og skóla og leikskóla, og verslun og þjónusta eins og almenningssamgöngur verður óhagkvæmari. Það vill enginn fá fleiri hverfi þar sem engin þjónusta er og ómögulegt að komast neitt án þriggja bíla á heimili. | |

Skjal sótt af '000000000' dags: 25.03 2026

| | | | |
|---|---|---|---|
| Guðmundur Örn Guðmundsson | Dýjagata 18 | Ég geri alvarlega athugasemd við staðsetningu á "ofanbyggðarvegi" sem gerð er tillaga um að liggi sunnan við Urriðavatn. Þessi vegur á þessum stað mun eyðileggja bæði hið nýja Urriðaholtshverfi og væntanlegt Setbergshverfi. Hvernig væri að hugsa málin til enda og hafa ofanbyggðarveg ofanbyggða í bókstaflegri merkingu. Það á að koma þessum vegi langt sunnan við Urriðaholtsgólfvöllinn. Það er ótrúlegt ef Garðabær ætlar að gera sömu mistök og Hafnarfjörður að skera upp hverfi með reglulegu millibili með stofnbrautum þannig að ekki sé svefnfriður fyrir umferðarnið. | |
| Andri Gunnarsson | | Góðan daginn, Uppdráttur af leikskólanum Lundabóli er ranglega teiknaður inn á uppdráttinn eins og hann liggur fyrir núna. Ekkert deiluskipulag er til fyrir svæðið og því ótækt að setja annað fram en núvernandi skipulag. | |
| Jóhann A. Jónsson | Tjarnarbrekka 8, 225 | Er gert ráð fyrir íbúðarbyggð sunnan Tjarnarbrekku á svokölluðum "Edda reit". ?? | |
| Sigrún | | Það er afar leiðinlegt að sjá hve lítið tillit hefur verið tekið til óska íbúa Álftaness um sveit í borg. Það verður of þétt íbúabyggð í framtíðinni, innri stoð svæðiðins höndlar ekki þennan fjölda. Svei þeim eru svona gráðugir í peninga og svei þeim sem hlusta ekki á okkur. Álftanes verður leiðindasvæði fyrir börnin okkar. Álftanes er fínt eins og það er, það er óþarfi að byggja meira og troða fleira fólki hingað. Það verður einnig afar sorglegt að sjá hestana hverfa úr beitinni á mörgum stöðum hér, það eitt skapar friðsæld og notalegheit við að keyra inn á Nesið, ekki steinsteypan. Það var dapurlegur dagurinn þegar deiliskipulagið datt inn um lúguna. Afar dapurlegur. | |

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026

| | | | |
|---|---|---|---|
| Guðný Helga Helgadóttir | Birkiholt 1 225 Álftanesi | Ég sem eigandi íbúðar að Birkiholti 1, 1 hæð vil koma á framfæri mótmælum á fyrrihugaðar byggingalóðir til austurs við mína íbúð. Ég kaupi þessa íbúð venga á skipulagi er óbyggt land í austur og óhindrað útsýni frá íbúðinni til norðausturs og austur samkv. skipulagi sem er í gildi til 2024. Fer ég að minnsta kosti framá að okkur eigindum að íbúðum í þessum blokkum standi til boða að fá að sækja um og reysa bílskúra austan megin við lóðamörk blokkana. Með fyrirfram þökk og von um jákvæð viðbrögð. | |
| Úlfar Henningsson | Holtsbúð 43 | Vinsamlegast útskýrið nákvæmlega hver áform eru með hringsvæði austan Holtsbúðar merkt í lit iðnaðarsvæðis og númerað 3.33 Þar er nú útivistar- og leiktækjasvæði. Kveðja Úlfar Henningsson. | |
| Axel Kristján Axelsson | Berjarimi 63 | Ég missti af þessari aðalskipulags kynningu sem mér finnst áhugaverð en ég á land á jörðinni Selskarð. Þannig er að ég var beðin að koma á fund ykkar í Garðabæ með þér og Guðjóni fyrir þó nokkrum árum síðan (ca. 2004 minnir mig eða seinna) til að ræða um land mitt á jörðinni Selkskarð við fjöruna og upp eftir girðingu austan megin sem er 4500 ferm + miðlínu í Lambhúsatjörn. Þá var verið að skoða skipulagið og þið spurðu mig hvort ég væri til í að skipta á landi mínu og fá annað sambærilegt land innan skipulags sem væri þá næst sjónum. Ég taldi að það gæti gengið upp og við handsöluðum það. Núna hef ég áhuga að ræða við ykkur um landið mitt og nýja skipulagið. Getum við átt saman stuttan fund á næstunni ? | |

Skjal sótt af '00000000' dags: 25.03 2026

| | | | |
|---|---|---|---|
| Halldóra Hreggviðsdóttir | | Við Erla Bil fórum m.a. fyrir stígakerfið í deiliskipulagi Garðahverfis á fundi okkar síðastliðinn föstudag. Þá sáum við að það er ekki samræmi á milli stígakerfisins í deiliskipulaginu og aðalskipulaginu þ.a. það þarf að færa stígana í deiliskipulaginu yfir í aðalskipulagið sem þið eruð að vinna. Að einu þarf að gæta í þeirri vinnu þ.e. hvernig stígar hafa verið skilgreindir í deiliskipulaginu. T.d. er gert ráð fyrir stíg í deiliskipulaginu, stofnstíg, sem liggur meðfram ströndinni. Stígnum er lýst m.a. sem lágstemdum osfrv. þ.a. þið munið væntanlega þurfa að breyta heiti stíganna í deiliskipulaginu og aðlaga að ykkar skilgreiningum í aðalskipulaginu. Hún Erla Bil hefur góða yfirsýn yfir þetta. Þú heyrir líka í mér ef eitthvað er. | x 2 - Deiliskipulag Garðahverfis |
| Veitur | | Athugasemdir við kafla í greinargerðinni | 7 |
| Gagnaveita Reykjavíkur | | Ég fékk ábendingu frá Orkuveitunni vegna tillögu um Aðalskipulag Garðabæjar. Við rákum augun í eftirfarandi texta: 4.4.1 BOÐVEITA - Öflug fjarskipti eru í dag hluti af grunnþjónustu fyrir íbúa. Sveitarfélagið sér ekki um ljósleiðara- eða önnur kapalkerfi innan sveitarfélagsins. Fjarskiptamannvirki skulu eiga stoð í deiliskipulagi. Míla sér um ljósleiðarakerfið í sveitarfélaginu og vinnur fyrirtækið að því að ljósleiðartengja alla byggð. Gagnaveita Reykjavíkur hefur skrifað undir viljayfirlýsingu við Garðabæ um að ljósleiðaravæða bæjarfélagið. Bæði höfum við tekið þátt í gatnagerð og endurnýjun sem og hefur Gagnaveitan á síðustu árum tengt fjölda heimila í átaksverkefnum. Það liggur fyrir að klára að ljósleiðaravæða öll heimili í Garðabæ á næstu árum. Í ljósi þessa finnst mér rétt að kafli 4.4.1 verði endurskoðaður. | |
| Minjastofnun | | Ábendingar frá Minjastofnun | 8 |
| Vegagerðin | | Ábendingar frá Vegagerðinni | 9 |

Skjal sótt af '00000000' dags: 25.03 2026

| | | | |
|---|---|---|---|
| A 16 fasteignafélags ehf | | Fyrir hönd A 16 fasteignafélags ehf, kt 630304-2450 sem er eigandi að hluta af Breiðabólstaðareyri, þá er þeim fyrirætlunum hér með mótmælt að á svæði 1.02-Íþ verði reist hesthúsbyggð. Hesthúsabyggð fylgir lykt og húsin eru oftast ekki beint augnaryndi. Það er er mat landeigandans að það megi nýta svæðið á betri hátt. Óskað er eftir því að á Breiðabólsaðareyri verði gert ráð fyrir íbúðarbyggð á þessum frábæra útsýnisstað þar sem sést til allra átta, yfir Faxaflóann og allan fjallahringinn frá Snæfellsnesi að Keili. Íbúðarbyggðin verður þá í beinum tengslum við væntanlega smábátahöfn á núverandi uppsátrum. Þarna væri því mögulegt að skapa „Marina“ stemningu þar sem á sama svæðinu væri kaffi-og veitingahús, íbúðir og smábátahöfn með öllu því mannlífi sem slíkum svæðum fylgir. | 10 |
| Sæbjörg Einarsdóttir | | Fyrir hönd Einars H. Árnasonar og Sesselju Kjærnested, Brekku, 225 Álftanesi sendi ég eftirfarandi ábendingu. Að lokinni skoðun vegna aðalskipulags Garðabæjar 2016 - 2030, forkynning 21. okt. - 21. nóv. vilja Einar H. Árnason og Sesselja Kjærnested, eigendur Brekku á Álftanesi, koma með eftirfarandi ábendingu. Svæði það sem fuglar hafa haldið sig fellur að mestu innan þess svæðis sem skilgreint er sem opið svæði á forkynningar teikningu, sjá 1.38 íb. Verði boginn dreginn í norðurátt að skurði skerðist fuglasvæðið mjög lítið. Muni skipulagið verða samkvæmt forkyninningunni sjá eigendur Brekku ekki lengur þörf á friðlýsingu. Eigendur Brekku hafa því ákveðið að falla frá ósk um friðlýsingu á 6,1 hektara svæði á svokölluðum Mel, sjá bréf 10.01. 2016 móttekið 11.01. 2016. Jafnframt óska landeigendur eftir góðri samvinnu við skipulagsyfirvöld í Garðabæ með það fyrir augum að vernda fuglalíf á Álftanesi. | |

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026

| | | | |
|---|---|---|---|
| Hlín Sverrisdóttir, skipulag og hönnun | | Takk fyrir spjallið í dag. Sendi í framhaldi ábendingu varðandi miðbæjarákvæði Veritas lóðarinnar í forkynningu Aðalskipulags Garðabæjar. Í ljósi áforma Veritas samsteypunnar um að breyta deiliskipulagi á hluta lóðarinnar og gera þar ráð fyrir íbúðabyggð er vert að ræða í aðalskipulagsferlinu hvort slíkt komi fram í ákvæðum fyrir reitinn. | |
| Finnur Stefánsson | Mávanesi 19 | ég var að skoða það sem að mér og mínum nágrönnum snýr í drögum að nýju aðalskipulagi. Þú veist vel um hvað ég er helst að hugsa. Nú er gönguleiðin með gula bandstrikinu kring Arnarnes kölluð "útivistarstígur". Er það vitleysa í mér að hin sama leið og sambærilega merkt (etv í öðrum lit) hafi heitið "gönguleið" í fyrra aðalskipulagi? Velti því fyrir mér hvort þetta boði einhverja ógæfu eða hvort hér sé réttilega verið að undirstrika að um LEIÐ er að ræða en ekki mannvirki. Orðið stígur er hér lykilatriði. | |
| Skógræktarfélag Garðabæjar | | Ábendingar frá Skógræktarfélagi Garðabæjar | 11 |
| Styrktar- og Líknarsjóður Oddfellowa (StLO) | | Ábendingar vegna Urriðholtslands StLO í Heiðmörk | 12 |
| Byggingarfélag Gylfa og Gunnars hf | | Athugasemdir og óskir landeigenda að Setbergsholti | 13 |
| Landey | | Eigendur Arnarneslands 119730 | 14 |
| Urriðaholt efh | | Athugasemdir frá Urriðaholti ehf. | 15 |
| Oddur Kr. Finnbjarnarson | | Í lið 3.3.3 segir að lámarksgólfkóti sé 5,2 metra en í lið 5.7.1 er hann 4,4 og 4,75m | |
| Erla Bil Bjarnardóttir umhverfisstjóri | | Ýmsar athugasemdir við greinargerðina | 16 |
| GKG | | Golfvöllur GKG | 17 |
| Guðbjörg Ólafsdóttir og Gunnar Ágúst Arnórsson | Bólstaður | Athugasemdir vegna þróunarsvæðis við Lyngás/Hafnarfjarðarveg | 18 |

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026

| | | | |
|---|---|---|---|
| María Ólafsdóttir og Sveinn Jónsson | Njarðargrund 1 | Athugasemdir vegna þróunarsvæðis við Lyngás/Hafnarfjarðarveg | 19 |
| Rekstrarfélag Kauptúns | | Áhrif á Kauptún | 20 |
| Stjórn GKG | | Athugasemdir GKG við drög að aðalskipulagi Garðabæjar | 21 |
| Kirkjugarðaráð | | Kirkjugarður að Görðum /Nýr kirkjugarður á Smalaholti | 22 |
| DAS / Sjómannadagsráð | | Hleinar - byggð fyrir eldri borgara | 23 |
| Íbúar Ásbrekku, Bæjarbrekku, Kirkjubrekku og Tjarnarbrekku | | Fallið verði frá hugmyndum um þenslu byggðar á svæði sunnan Tjarnarbrekku | 24 |
| Landsnet | | Flutningslínur raforku | 25 |
| Eigendur Halakots og Svalbarða | | Álftanes | 26 |
| Isavia | | Reykjavíkurflugvöllur | 27 |
| Samgöngustofa | | Hæðir mannvirkja | 28 |
| Pálmi Freyr Randversson | Hofslundur 13 | Ábendingar vegna vegtengingar um Leirdalsop og göngutengingu við Vetrarmýri. Ég tel ekki þörf fyrir vegtengingu milli golfvallar og Vífsilsstaðavatns. Slík vegtenging slítur þessa náttúruperlu illa í sundur og er ekki réttlætanleg í ljósi umferðarmagns. Aðrar tengingar eru til staðar og má þar nefna nýja tengingu um Arnarnesveg. Ef íþróttasvæði á að byggjast upp í Vetrarmýri þarf að gera göngu- og hjólatengingu frá Hofsstaðabraut undir Reykjanesbraut fyrir börn og aðra sem ætla að nýta sér þjónustuna. Sjá kort | 29 |

Skjal sótt af '0000000' dags: 25.03 2026